

34. fundur stjórnar Markaðsstofu höfuðborgarsvæðisins

Haldinn í Hilton Vox Home, fimmtudaginn, 4. des 2025, kl. 12.00-14.00

Fundinn sátu:

Sævar Birgisson, Eva Jósteynsdóttir, Kristinn Jón Ólafsson, Björn Ragnarsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Elísabet Sveinsdóttir, Ragnhildur Ágústsdóttir (varamaður) og Inga Hlín Pálsdóttir (frkvstj).

Fjarverandi: Rannveig Grétarsdóttir

Fundargerð ritaði: Inga Hlín Pálsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð 33. fundar 9. október 2025

Samþykkt og undirrituð.

2. Yfirlit yfir stöðu og rekstur (til upplýsinga)

Farið var yfir stöðu fjárhagsáætlunar í lok árs. Staðan er eins og áætlað var nema gert er ráð fyrir að ákveðin verkefni verði ekki kláruð fyrr en í jan/feb og færast það fjármagn milli ára. Helstu verkefni sem sagt var frá var m.a. faghópur sjálfbærni hefur nú fundað í fyrsta skipti og gekk afar vel og mikil ánægja með framtakið. Gert ráð fyrir því að óska eftir fleiri aðilum í hópinn m.a. Strætó og Hopp. Evrópska ferðamálaráðið skrifaði undir svokallaða „Reykjavík Declaration í Hörpu á aðalfundi sínum í október þar sem lögð er áhersla á samfélög og íbúar séu í forgrunni. Rætt var einnig um stöðu vefmála með tilliti til gervigreindar og þeirrar vinnu sem er verið að vinna hjá stofunni því tengdu. Afar jákvæðar niðurstöður á árinu varðandi markaðsmálin en t.d. hefur verið unnið með 21 áhrifavaldi og 350 fyrirspurnum svarað frá fjölmiðlum ásamt beinni aðstoð við 42 fjölmiðla. Tiptoe Reykjavík er í vinnslu og gert ráð fyrir að eiga fund með hagaðilum fljótlega. Ferðakjarna vinnustofur hafa verið haldnar á Seltjarnarnesi og Kópavogi. Komnir verkefnahópar einnig í Elliðaárdal og Öskjuhlíð. Aðgerðaráætlun um almyrkvann hefur verið skilað til SSH. Unnið að því að finna tíma fyrir vinnustofu um tjaldsvæðin ásamt því að skoða samvinnu í tengslum við hlaupaferðamennsku.

3. Endurskoðun áfangastaðaáætlun (til samþykktar)

Tillaga um vinnutilhögun á endurskoðun áfangastaðaáætlunar á vorinu samþykkt.

4. Reykjavík City Card – staðan í lok árs (til upplýsinga)

Farið var yfir kynningu á kortinu og því sem hefur verið gert á árinu, sölu og verðbreytingum og öðrum. Umræða varð mikil um stafvæðingu kortsins og mikilvægi þess að ýta því áfram. Einnig varðandi hvort ætti að óska eftir því að aðilar í kortinu telji þá sem nýta sér kortið hjá þeim á einfaldan hátt. Verður það skoðað.

5. Önnur mál

Þjónusta við ferðamenn á höfuðborgarsvæðinu. Ræða þarf við Reykjavíkurborg varðandi snjómokstur og söltun við rútustöðvar fyrir ferðamenn ásamt stöðu leigubílamarkaðarins.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14.00.